

Föstudaginn 24. maí 1968.

Nr. 61/1968. **Steingrímur Sigurðsson**
(Hallvarður Einvarðsson hdl.)
gegn
Kristjönu Ingibjörgu Stefánsdóttur
(Birgir Ísl. Gunnarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Innsetningargerð.

Dómur Hæstaréttar.

Þorsteinn Thorarensen, borgarfégeti í Reykjavík, kvað upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. apríl 1968. Krefst hann þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og lagt fyrir fógeta að framkvæma hina umbeðnu innsetningargerð og afhenda áfrýjanda bifreiðina R 18632 og olíumálverkið „Hún“. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða henni málskostnað fyrir Hæstarétti.

Lögð hafa verið nokkur ný gögn fyrir Hæstarétt.

Með tilvisun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta úrlausn hans, að því er varðar bifreiðina R 18632.

Áfrýjandi hefur málað olíumálverkið „Hún“, og samkvæmt gögnum málsins var það til sölu á málverkasýningu þeirri, er hann hélt á Akureyri um sumarið 1967. Gegn eindregnum mótmælum áfrýjanda hefur stefndi engar sönnur leitt að þeirri staðhæfingu sinni, að áfrýjandi hafi gefið henni málverk þetta. Á hann því rétt til að fá það afhent með innsetningargerð.

Ákvæði hins áfrýjaða úrskurðar um málskostnað er staðfest. Málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Fógeta ber að framkvæma innsetningu í olíumálverkið

„Hún“. Að öðru leyti eru ákvæði hins áfrýjaða úrskurðar staðfest.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 23. febrúar 1968.

Gerðarbeiðandi, Steingrímur Sigurðsson, Stekkjarkinn 5 í Hafnarfirði, hefur krafizt þess, að bifreiðin A 322 (Vauxhall Viva de luxe, model 1965) svo og olíumálverk, sem hann nefnir „Hún“, verði tekin úr umráðum gerðarþola, Kristjönu Ingibjargar Stefánsdóttur, Laufásvegi 26, og honum verði fengin umráð þeirra. Hann hefur og krafizt málskostnaðar úr hendi gerðarþola.

Gerðarþoli hefur mótmælt því, að innsetningargerð þessi nái fram að ganga. Hún hefur krafizt málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðanda.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, sem fór fram hinn 16. þessa mánaðar.

Það liggur fyrir í máli þessu, að aðiljar máls þessa tóku upp sambúð upp úr 25. júní 1967, er gerðarbeiðandi fluttist í húsa-kynni gerðarþola að Laufásvegi 26, enn fremur að þeirri sambúð var slitið hinn 10. desember sama ár.

Með bréfi til fógetaréttar Reykjavíkur, dags. 20. desember s.l., krafðist gerðarbeiðandi innsetningar í bifreiðina A 322, hjónarúm úr eik ásamt dýnum, olíumálverkið „Hún“, dekklitamynd, „Party Girl“, og svartlitamynd, „19. júní í Reykjavík“. Kvaðst gerðarbeiðandi vera eigandi þessara eigna allra.

Undir rekstri málsins varð samkomulag um afhendingu á nokkrum þessara muna, en gerðarþoli hefur neitað að afhenda bifreiðina og málverkið „Hún“ og ber fyrir sig eignarrétt fyrir gjöf af hálfu gerðarbeiðanda.

Það liggur fyrir í máli þessu, að bifreiðin A 322 er á opinberum skráð sögð eign gerðarþola, Kristjönu Ingibjargar Stefánsdóttur.

Gerðarbeiðandi skýrir svo frá, að þau aðiljarnir hafi dvalizt á Akureyri á s.l. sumri, meðan stóð á málverkasýningu hans þar í bæ, sjá rskj. 25. Hann kveðst um þetta leyti hafa haft hug á að fá sér bifreið, enda sé sér nauðsynlegt vegna atvinnu sinnar að hafa eigið farartæki. Hafi orðið úr, að hann keypti bifreiðina A 322 af Gunnari Þórssyni vegna dánarbús Þórs O. Björnssonar, sbr. rskj. 2 í máli þessu, og greitt út andvirði hennar, kr. 100.000.00, af eigin fé. Hann kveðst hafa látið skrá bifreið þessa á nafn gerðarþola þegar í stað án þess þó að hafa samráð við hana um

þá tilhögun. Alls ekki hafi verið ætlun sín að gefa gerðarþola bifreiðina, en hann hafi aðeins látið framkvæma skráningu þessa á þennan hátt af hagkvæmnisástæðum, eins og hann orðar það, og hafi fjármál sín útilokað aðra tilhögun. Að þessum atriðum frágengnum kveðst gerðarbeiðandi hafa farið á fund gerðarþola og sagt við hana í gamansömum tón, að hún væri orðin bileigandi, og sýnt henni þar að lútandi skilríki og hafi gerðarþola virzt koma þetta á óvart.

Gerðarbeiðandi segir svo frá, að hann hafi alltaf ekið þessari bifreið, er þau aðiljarnir voru á ferð, og gerðarþoli hafi aldrei fengið lykla, enda ekki eftir þeim gengið. Þá segir hann, að eftir að hann flutti af Laufásvegi 26, hafi hann hinn 12. desember s.l. lánað gerðarþola bílinn, meðan rannsakað væri, hvort þeirra væri hinn rétti eigandi, en til að tryggja, að bíllinn yrði ekki notaður, kveðst hann hafa haft með sér varahluti og negld snjódekk.

Gerðarþoli heldur fast við þá staðhæfingu, að hinn umdeildi bíll sé sín eign fyrir gjöf frá gerðarbeiðanda.

Hún kveðst hafa dvalizt á Akureyri með gerðarbeiðanda, meðan á málverkasýningu hans stóð, og starfað við sýninguna. Hann hafi einn dag, er á sýningunni stóð, komið með skjöl viðvirkjandi bílnum A 322, frágengnum á hennar nafn og afhent henni að gjöf og muni Steingrími hafa verið ljóst, að hann átti henni mikið upp að unna á ýmsan veg, og hafi hún litið svo á, að um væri að ræða endurgjald eða vinargjöf. Hún segir, að ekki hafi borizt í tal þeirra á milli að útvega bíl og sér hafi komið þetta á óvart. Hann hafi aðallega ekið bílnum, en hún sjálf kveðst hafa sett undir stýri líklega 2—3 sinnum, enda hafi þau yfirleitt verið saman á ferð, er bíllinn var notaður.

Nú hafi komið að því, eins og áður er getið, að gerðarbeiðandi hafi orðið á brott af heimili þeirra hinn 10. desember s.l. og hafi hann þá haft bifreiðina á brott með sér, en 2 dögum síðar, hinn 12. desember, hafi hann komið til þess að skila bifreiðinni og sækja ýmsar föggur sínar. Hann hafi beðið um að fá að taka nagladekk og varahluti, sem hann hafði lagt til bifreiðarinnar, gegn því að skila hjólbörðum þeim, sem á voru, er bifreiðin var keypt, og kveðst gerðarþoli hafa fallizt á það. Hafi þau ekið í bílnum á verkstæði, þar sem hjólbarðaskipti fóru fram, og síðan að Laufásvegi 26 og hafi gerðarbeiðandi þar afhent bíllyklana án nokkurra athugasemda eða fyrirvara, en haft á brott með sér ýms málverk, er hann átti, og nagladekkin. Hann hafi síðar

pennan sama dag komið með sendiferðabifreið til að hirða það af eignum sínum, sem eftir voru.

Gerðarþoli hefur neitað að afhenda myndina „Hún“ og beri þar hvort tveggja til, að gerðarbeiðandi hafi gefið sér þessa mynd og auk þess sé myndin af henni sjálfri og kæri hún sig því ekki um, að þessi mynd fari lengra, eins og málum þeirra aðiljanna sé nú komið.

Gerðarþoli vísar til vottorða um, að Steingrímur hafi lýst því yfir, að hann hefði gefið henni hinn nú umdeilda bíl.

Hjónin Margrét Gunnlaugsdóttir og Ketill Axelsson, Mánabraut 3, Sigurdís Kaprasíus, Njálsgötu 59, og Karítas Þórðarson, Garðastræti 43, báðar starfandi í verzlun gerðarþola, Bertha Konráðsdóttir, Rofabæ 31, Vigdís Schram Árnason, Jörfa v/Vesturlandsveg, og hjónin Jón Gunnarsson og Gunnhildur Guðjónsdóttir, Efstasundi 83, hafa gefið vottorð í málinu, sjá rskj. 13, 12, 16, 14 og 15. Þessir vottorðsgefendur skýra svo frá, að gerðarbeiðandi hafi sagt þeim, að hann hefði gefið gerðarþola hina umræddu bifreið.

Þá hefur mætt sem vitni Jóhanna Tryggvadóttir, Kirkjuvegi 4 í Hafnarfirði, og segir svo frá, að gerðarbeiðandi hafi sagt sér, að hann hefði gefið gerðarþola þessa bifreið, og eiginmaður vitnisins, Jónas Bjarnason, staðfestir þetta í vottorði á rskj. 23. Þá liggur fyrir vottorð hjónanna Sigurlaugar Lárusdóttur og Jóns Stefánssonar, Glerárgötu 14, Akureyri, og fjallar vottorðið um endurteknar yfirlýsingar gerðarbeiðanda um gjöf þessa til gerðarþola.

Þessum vottorðum og framburðum öllum er mótmælt af hálfu gerðarbeiðanda sem röngum og eftir atvikum vilhóllum, og á gerðarbeiðandi þar sérstaklega við vottorðin á rskj. 12, 13 og 15. Hefur gerðarbeiðandi fastlega neitað að hafa gefið slíkar yfirlýsingar sem hér um ræðir. Hann hefur lagt fram sem rskj. 18 og 19 vottorð Grétars Melsteds og Hjálmars Helgasonar, og segja báðir vottorðsgefendur, að þeir hafi hitt gerðarbeiðanda á Akureyri og hann þá sagt, að hann hefði keypt bifreiðina A 322.

Guðmundur Ingvi Sigurðsson hæstaréttarlögmaður, albróðir gerðarbeiðanda, hefur mætt sem vitni í réttinum. Hann skýrir svo frá, að gerðarþoli hafi komið til fundar við sig og hafi hún að gefnu tilefni játað það rétt vera, að gerðarbeiðandi ætti bifreiðina. Hann getur þess, að gerðarbeiðandi hafi aldrei sagt sér, að hann hefði gefið gerðarþola hina margumræddu bifreið.

Gerðarþoli viðurkennir, að Guðmundur Ingvi hafi látið svo

ummælt, að hún vissi það eins vel og hann, að Steingrímur ætti bifreiðina, en hún kveðst ekki hafa játað því og alls ekki gefið neitt út á þetta. Af hálfu gerðarpóla er framburði Guðmundar Ingva Sigurðssonar mótmælt sem röngum og vilhöllum.

Á það er bent af hálfu gerðarbeiðanda, að fyrir liggi í málinu, að hann hafi keypt þessa umdeildu bifreið. Almennst sé ótrúlegt, að sú hafi verið ætlun hans, að gerðarþoli skyldi eignast bifreiðina, gerðarbeiðandi sé ekki auðugur maður og hafi, er hér var komið sögu, verið 3ja barna faðir. Aftur á móti hafi þannig verið í pottinn búið, að er hann tók upp sambúð við gerðarpóla, hafi hann yfirgefið sambýliskonu sína, Margréti Ásgeirsdóttur, og þegar af þessari ástæðu hafi honum af fjárhagslegum ástæðum verið afar óhagkvæmt að teljast sjálfur eigandi bifreiðarinnar. Skráning bifreiðar veiti enga sönnun fyrir réttu eignarhaldi. Ef svo yrði litið á, að gerðarþoli hafi raunverulega eignast bifreiðina fyrir gjafagerning, þá beri að líta á almennar reglur um gjafir. Svo megi telja, að festar hafi stofnast með aðiljum máls þessa og er upp úr þeim slitnaði, hafi úrslitaforsenda gjafar fallið niður. Er gerðarbeiðandi svo skilaði bifreiðinni, eftir að sambandi hans og gerðarpóla var slitið, hafi hann að vísu gert það algerlega utan skyldu, en fyrir honum hafði vakað, að rétt væri, að gerðarþoli hefði sem skráður eigandi vörzlur bifreiðarinnar, meðan skorið væri úr um eignarrétt, en í þessu hafi engin viðurkenning fólgið um eignarrétt hennar.

Varðandi hið umdeilda málverk er því fyrst og fremst neitað, að gerðarbeiðandi hafi gefið gerðarpóla það, og sé það eign hans, hvert sem mótið þess kunni að vera, en höfundarrétturinn sé hans, enda þótt málverkið kunni að hafa verið af gerðarpóla.

Af hálfu gerðarpóla er sérstaklega bent á nafnskráningu hinnar umdeildu bifreiðar sem grundvallaratriði í málinu. Þegar þar við bætist fjöldi vitnisburða um óskoraðar yfirlýsingar gerðarbeiðanda um, að hann hafi gefið gerðarpóla þessa bifreið, þá sé fram komin sönnun um réttleysi gerðarbeiðanda í þessu máli. Þar við bætist svo, að eftir að slitnaði upp úr sambúð aðilja, hafi gerðarbeiðandi skilað gerðarpóla bifreiðinni algerlega fyrirvara-laust, og meira að segja hirt úr henni persónulega muni sína. Verði þessi framkoma hans ekki skilin á annan hátt en að hann hafi viðurkennt eignarrétt gerðarpóla. Svo mikið sé í öllu falli víst, að gerðarbeiðandi hafi langt í frá svo augljósan rétt til bifreiðarinnar, að hún verði frá vörzluhafa tekin með beinni fótgetagerð. Því er mótmælt, að hagkvæmnisástæður hafi hér verið

að verki, engin gögn styðji slíka staðhæfingu og sé ekki hagkvæmt og í meira lagi hæpið fyrir aðilja, sbr. 11. grein umferðarlaga, að skrá bifreið á 3ja mann. Eins og sambandi aðilja var háttað á þessum tíma, hafi gjöf þessi verið eðlileg. Því megi sjálfsagt hreyfa, að forsendur kunni að hafa brostið, er upp úr sambandi aðilja slitnaði, en þá sé málið ákaflega vanreifað af hálfu gerðarbeiðanda og yrði að rannsaka tildrög og atvik að sambandsslitum. En það gæti ekki orðið fógetamál, þar eð fógetaréttur geti ekki riftað gjafagerningi.

Sú athugasemd kom fram af hálfu umboðsmanns gerðarbeiðanda við munnlegan flutning málsins, að verði talið, að gerðarbeiðandi málsins hafi í raun og veru gefið gerðarpóla bifreiðina, þá sé úrslitaforsenda slíks gernings niður fallin, þar eð „festar“ hafi slitnað með aðiljum. Þetta atriði er öldungis vanreifað í málinu, og gagnasöfnun af hálfu gerðarbeiðanda og annað, sem fram hefur komið í málinu, lýtur ekki að atriðum, sem liggja ættu fyrir, svo að gert verði út um þessa málsástæðu. Þykir því ekki unnt að sinna þessari málsástæðu og ekki heldur ástæða til að endurupptaka gagnaöflun hennar vegna, enda ekki fram á það farið af aðiljum.

Gerðarbeiðandi hefur látið skrá hina umdeildu bifreið á nafn gerðarpóla. Hann hefur fengið gerðarpóla umráð bifreiðarinnar, eftir að sambúð þeirra lauk, og hefur ekki komið fram, að hann hafi viðhaft nokkurn fyrirvara í því sambandi. Þykir því ekki fært að svifta gerðarpóla vörzlum bifreiðarinnar með beinni fógetagerð.

Gerðarpóli hefur vörzlur málverks þess, sem um er deilt, og heldur því fram, að gerðarbeiðandi hafi gefið sér málverkið. Því er ómótmælt af gerðarbeiðanda, að gerðarpóli sé fyrirmynd málverks þessa. Eftir atvikum þykir varasamt að svifta gerðarpóla vörzlum þessarar myndar, einnig þegar á það er litið, að ekki verður séð, að gerðarbeiðandi hafi gert tilkall til þess, er hann hirti sjálfur ýmsa muni sína úr húsakynnum gerðarpóla.

Þannig er synjað um framgang hinnar umbeðnu innsetningar-gerðar. Rétt er, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Því úrskurðast:

Gerð þessi fer ekki fram.

Málskostnaður fellur niður.